

Jón Kristjánsson,  
nóvember 1982.

Rannsóknarferð í Þórisvatn 1982.

Skýrsla.

Inngangur.

15 og 16 ágúst var farið í Þórisvatn og lögð þar tilraunaset.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt, að urriðastofn vatnsins hefur farið síminnkandi frá því að rannsóknir hófust þar 1973. Arið 1976 var meginvatnið fisklaust að heita mátti (Jón Kristjánsson 1976, Marianna Alexandersdóttir 1976) því lítið var vart við fisk nema í Austurbotni og Austurbotnavatni. 1980 var svo komið að enginn fiskur fékkst lengur í Austurbotni utan við eiðið sem skilur að Austurbotnavatn (Jón Kristjánsson 1980). Þar sem aðstæður til netaveiða eru orðnar mjög slæmar í meginvatninu og lítil von fiskjar, var í sumar eingöngu lagt í Austurbotnavatn. Ef eitthvað óvenjulegt hefði komið í ljós í þeirri veiði (mikill smáfiskur t.d.) hefði að sjálfsögðu verið reynt að veiða viðar, en sú varð ekki raunin á.

Niðurstöður.

Lögð voru tólf tilraunaset í Austurbotnavatn. Möskvastærð frá 19.0-45 mm, og lagt var á 2-8 m dýpi. Afli varð 12 urriðar, 42-52 cm að lengd og 900-1800 g. Aldur þeirra var 8-12 ár, 5 voru ókynþroska, 2 ætluðu ekki að hrygna í haust, en höfðu hrygnt einhverntimann áður. Ríkjandi fæða var vatnaskel (*pisidium sp*) og rykmýslirfur (*chironomidae sp*), einungis þrír fiskar voru með fullan maga, hinir annaðhvort með hann tóman eða hálftóman. Fiskarnir voru eðlilega feitir, silfraðir og rauðir á hold, svipaðir og áður hefur verið. Tafla 1. sýnir árgangaskiptinu og úrreiknaðan vöxt hvors árgangs og tafla 2 sýnir árgangaskiptingu í tilraunaveiðum frá 1973.

Alyktanir.

Þessar niðurstöður sýna, að þróunin er áfram hin sama og sú sem áður hefur verið lýst í Þórisvatni (Jón Kristjánsson 1978 og 1980). Vatnsmiðlunin í Þórisvatni er ólik flestum öðrum miðlunum að því leiti, að til viðbótar við stórfelldar vatnsborðssveiflur, er jökulvatni hleypt í Þórisvatn. Jökulvatnið hefur m.a. þau áhrif að plöntusvifsframleiðsla minnkar, vegna þess að minna ljós kemst niður í vatnið, (Hákon Aðalsteinsson 1976). Eina leiðin til að viðhalda urriðanum í vatninu er að sleppa í það seiðum. Lifsskilyrði virðast skárst í Austurbotnavatni og Austurbotni, (Hákon Aðalsteinsson 1976) og sleppingar þar því vænlegastar. Þar sem alls er ósvist um árangur seiðasleppinga ber að verast að setja meira en ca 20-40 þús. seiði í vatnið á ári hverju, uns árangur kemur í ljós 5-6 árum frá sleppingu. Gæta verður þess, að dreifa þeim á áður nefnt svæði þannig, að hlutfallslega mestu verði sleppt í Austurbotnavatn og minna því utar sem dregur í Austurbotn.

Heimildir.

Hákon Aðalsteinsson 1976. Þórisvatn. Áhrif miðlunar og Koldukvislarveitu á lifsskilyrði svifs. Orkustofnun OS-ROD-7643, 29 síður.

Marianna Alexandersdóttir 1976. Fiskirannsóknir í Þórisvatni sumarið 1976, 22 síður.


Jón Kristjánsson 1976. Fisktalning í Þórisvatni 1976, 8 síður.

Jón Kristjánsson 1978. Silungsrannsóknir í Þórisvatni, Framvinduskýrsla 1978, 12 síður.

Jón Kristjánsson 1980. Rannsóknir í Þórisvatni 1980. 3 síður.

Tafla 1. Útreiknaður vöxtur á urriða í þórisvatni 16/8 1982.

| Aldur. | Arg. | Fjöldi | L    | 1   | 1 <sub>2</sub> | 1 <sub>3</sub> | 1 <sub>4</sub> | 1 <sub>5</sub> | 1 <sub>6</sub> | 1 <sub>7</sub> | 1 <sub>8</sub> | 1 <sub>9</sub> | 1 <sub>10</sub> | 1 <sub>11</sub> | 1 <sub>12</sub> |
|--------|------|--------|------|-----|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 8+     | 1974 | 4      | 43.8 | 2.5 | 5.7            | 9.3            | 14.4           | 19.0           | 24.7           | 32.9           | 39.7           |                |                 |                 |                 |
| 9+     | 1973 | 1      | 43.0 | 3.0 | 6.0            | 9.3            | 12.5           | 15.8           | 22.3           | 28.3           | 36.2           | 41.4           |                 |                 |                 |
| 10+    | 1972 | 1      | 45.0 | 2.6 | 7.2            | 11.2           | 15.9           | 23.0           | 29.7           | 34.2           | 39.9           | 43.5           | 44.5            |                 |                 |
| 11+    | 1971 | 2      | 44.0 | 3.2 | 6.3            | 9.8            | 13.7           | 17.1           | 22.5           | 28.5           | 33.2           | 37.9           | 42.4            | 43.3            |                 |
| 12+    | 1970 | 4      | 46.8 | 3.3 | 7.2            | 10.1           | 13.7           | 19.7           | 25.1           | 29.9           | 34.1           | 39.7           | 42.6            | 44.8            | 46.0            |

$\bar{L}$  = meðallengd  
 $l_1$  = útreiknuð meðallengd við 1. vetur  
 $l_2$  = útreiknuð meðallengd við 2. vetur o.s.frv.  


Tafla 2. Argangaskipting í tilraunaveiðum í Þórisvatni 1973-82.

|         |      | Fjöldi fiska af hverjum árgangi: |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|---------|------|----------------------------------|----|----|----|----|----|----|----|-----|----|----|----|----|----|----|---------|
|         |      | 1962                             | 63 | 64 | 65 | 66 | 67 | 68 | 69 | 70  | 71 | 72 | 73 | 74 | 75 | 76 | Samtals |
| Veiðiár | 1973 | 3                                | 5  | 4  | 14 | 29 | 42 | 31 | 6  | 2   |    |    |    |    |    |    | 136     |
|         | 74   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 75   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 76   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 77   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 78   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 79   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 80   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 81   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 82   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
|         | 83   |                                  |    |    |    |    |    |    |    |     |    |    |    |    |    |    |         |
| Samtals |      | 3                                | 5  | 6  | 14 | 32 | 53 | 61 | 74 | 195 | 89 | 32 | 4  | 10 |    |    | 578     |

MYND 1.

LENGD. SM

VÖXTUR Á URRIDA I  
ÞÓRISVATNI 1982

(Fjöldi fiska í svæðinu)

30

20

10

50

12+(4)

11+(2)

10+(1)

9+(1)

8+(4)

VAXTARAR

71 72 73 74 75 76 77 78 79 80 81 82